

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.**

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er Umhverfisstofnun heimilt að leyfa tímabundna sölu matvæla, sem innihalda þau efni sem um ræðir, þegar ekki er talin hættu á heilsutjóni vegna neyslu þeirra. Umhverfisstofnun getur einnig fellt tímabundið úr gildi eða breytt hámarks-gildum sem fram koma í viðaukum 2 og 3 með þessari reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hollustuvernd ríkisins fer með hlutverk Umhverfisstofnunar til og með 31. desember 2002.

Umhverfissráðuneytinu, 3. desember 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.